




Borgarráð

Tillaga um lántökur vegna framkvæmda á árinu 2017

Lagt er til að borgarstjórn samþykki lántökur á árinu 2017 að fjárhæð allt að 3.2 milljarðar króna vegna áformaðra framkvæmda og fjárfestinga á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að þessi fjármögnun verði fengin með skuldabréfaútboðum borgarsjóðs á árinu. Jafnframt er samþykkt að veita fjármálastjóra umboð f.h. Reykjavíkurborgar til þess að undirrita nauðsynlega gerninga sem tengjast nauðsynlegri skuldabréfaútgáfu, sem og til þess að taka á móti og undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökum þessum, enda verði einstakar lántökur lagðar fyrir borgarráð til afgreiðslu.



Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

Álagningарhlutfall útsvars tekjuárið 2017

Lagt er til að álagningарhlutfall útsvars tekjuárið 2017 verði 14,52%.

Greinargerð:

Tillagan byggir á 23. og 24. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Áætlað er að Reykvíkingar greiði 66,1 milljarða í útsvar á árinu 2017 og að 8 milljarðar af útsvarsgrreiðslum fari í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þar af fara um 3,5 milljarðar til útgjaldajöfnunar annarra sveitarfélaga.

Tillagan felur í sér óbreytt álagningарhlutfall frá tekjuárinu 2016 og þarfust ekki frekari skýringar.

Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

Gjalddagar fasteignaskatta og lóðarleigu 2017

Lagt er til að gjalddagaskipting fasteignagjalda fyrir árið 2017 verði eftirfarandi:

Greiðendur fasteignagjalda skulu gera skil á fasteignagjöldum ársins 2017 með 9 jöfnum greiðslum á eftirfarandi gjalddögum:


1. febrúar, 4. mars, 2. apríl, 2. maí, 3. júní, 2. júlí, 2. ágúst, 2. september og 2. október.

Þá er lagt til að nemi álagning fasteignagjalda 25.000 kr. eða lægri fjárhæð á fastanúmer greiði gjaldendur þau með einum gjalddaga þann 1. febrúar.


Lagt er til að gjalddagi krafna vegna framkvæmdar afsláttar til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi verði 1. nóvember og eindagi 30 dögum síðar. Þó geta þeir sem skulda að lágmarki 25.000 kr. óskað þess að fá að ljúka greiðslum í þremur hlutum þann 1. desember, 2. janúar og 3. febrúar 2017. Lagt er til að þeir sem eiga inneignir fái þær greiddar út 6. nóvember 2017.

Greinargerð:

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga. Tillagan felur í sér óbreytta skipan mála frá fyrra ári 2016.



Dagur B. Eggerthsson



Borgarráð

Álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu 2017

Lagt er til að álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu vegna ársins 2017 verði sem hér segir:


1. Hlutfall fasteignaskatts skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 0,2%.
2. Hlutfall fasteignaskatts skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 1,32%.
3. Hlutfall fasteignaskatts skv. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 1,32%, að viðbættri hækjun um 25%, sbr. heimild í 4. mgr. sömu greinar (1,65%).
4. Hlutfall lóðarleigu fyrir íbúðarhúsalóðir verði 0,2% af fasteignamatsverði.
5. Hlutfall leigu fyrir verslunarþóðir, iðnaðarlóðir og lóðir fyrir opinberar byggingar verði 1,0% af fasteignamatsverði.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér óbreytt fyrirkomulag frá árinu 2016 og þarf nást ekki frekari skýringar.



Dagur B. Eggertsson



Borgarráð

Viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulifeyrisþega árið 2017

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulifeyrisþega árið 2017 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur

I. Réttur til 100% lækkunar

Einstaklingur með tekjur allt að 3.130.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 4.360.000 kr.

II. Réttur til 80% lækkunar

Einstaklingur með tekjur á bilinu 3.130.000 til 3.580.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 4.360.000 til 4.850.000 kr.

III. Réttur til 50% lækkunar

Einstaklingur með tekjur á bilinu 3.580.000 til 4.170.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 4.850.000 til 5.790.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins þær eru á hverjum tíma.

Greinargerð:

Hækkun bóta almannatrygginga í upphafi árs voru 9,7% og er lagt til að hækka viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulifeyrisþega um sama hlutfall. Er hér unnið eftir sömu viðmiðum og undanfarin ár. Áætlaður kostnaður vegna þessarar tillögu á árinu 2017 nemur 348 milljónum króna og rúmast hann innan fjárhilmilda samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun 2017.

Dagur B. Eggertsson